

Nd. 204. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn verkefna fyrir unga menn.

Flm.: Bjarni Bjarnason.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara, svo fljótt sem við verður komið, ýtarlega rannsókn á því, á hvern hátt best verði ráðið fram úr atvinnuleysi ungra manna í landinu, með það fyrir augum sérstaklega, að starfskraftar þeirra notist í þágu framleiðslunnar og til aukningar varanlegra verðmæta á annan hátt.